

## 9. fundur stjórnar AP, starfsárið 2009-2010

haldinn á Hótel Eddu að Stórutjörnum 23. júní 2010 kl.13:00

Mætt: Aðalsteinn Á. Baldursson, Birna Björnsdóttir, Margrét Bjarnadóttir, Pétur Snæbjörnsson, Sigurgeir Höskuldsson og auk þeirra varamaðurinn Guðmundur Guðmundsson áheyrnarfulltrúi Byggðastofnunar. Einnig sátu fundinn starfsmenn AP þeir Reinhard Reynisson framkvæmdastjóri og Ari Páll Pálsson, starfsmaður AP sem ritaði fundargerð.

Formaður, Sigurgeir Höskuldsson setti fund og bauð fundarmenn velkomna og gaf síðan framkvæmdastjóra orðið.

### 1. Formleg afgreiðsla hvatningarverðlauna AP

Veiting hvatningarverðlauna AP 2010 var formlega samþykkt og viðurkenningarskjölin undirrituð af formanni stjórnar og framkvæmdastjóra.

### 2. Aðalfundur 2010 – starfsmenn og tillögur

Stjórn samþykkti og/eða gekk frá eftirfarandi tillögum sem bera skyldi upp fyrir aðalfund:

Starfsmenn fundar: Fundarstjóri Tryggvi Harðarson og fundarritari Ari Páll Pálsson.

Tillaga frá fulltrúum hluthafa um stjórn:

#### Aðalstjórn:

Aðalsteinn Baldursson  
Björn Víkingur Björnsson  
Margrét Bjarnadóttir  
Pétur Snæbjörnsson  
Sigurgeir Höskuldsson

#### Varamenn

Guðmundur Guðmundsson  
Gunnólfur Lárusson

Þóknun til stjórnarmanna verði óbreytt kr. 9.677,- fyrir hvern fund og formaður fái 50% álag á þá þóknun.

Endurskoðandi verði áfram PriceWaterhouseCoopers / Björn St. Haraldsson, löggiltur endurskoðandi og þóknun hans skv. reikningi.

Tapi ársins er ráðstafað til lækkunar á eigin fé félagsins eins og fram kemur í ársreikningi.

Áður höfðu verið samþykktar tillögur til aðalfundar varðandi breytingar á hlutafé.

### 3. Önnur mál

#### • Fundarboð Baðfélags Mývatnssveitar hf.

Framkvæmdastjóri kynnti efni fundarboðsins og síðan tók til máls Pétur Snæbjörnsson sem rakti aðdraganda málsins og skýrði frá sínum sjóarmiðum. Nokkrar umræður urðu um málið og samþykkti stjórnin að veita framkvæmdastjóra umboð til að til að sitja fundinn fyrir hönd félagsins.

Ekki voru önnur mál á dagskrá og fundi slitið kl. 13:45